

Mál nr. 8/2005

M

og

Vátryggingafélag X v/bifreiðanna A og B

Árekstur við verslunarmiðstöðina Austurver, Háaleitisbraut, þann 02.12. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.01. 2005, ásamt fylgiskjöllum þ. á m. skýrslu lögreglu, teikningu frá Gatnamálastjóranum í Reykjavík og teikningu frá borgarverkfræðingi.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1032/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Líkt og segir í skýrslu lögreglu var bifreiðinni A ekið austur akleið frá bifreiðastæðum við Austurver á Háaleitisbraut, bifreiðinni B var ekið norður akleið frá bifreiðastæðum við Austurver og beygt til hægri. Álitafni máls þessa er hvor ökumanna hafi átt að víkja m.ö.o. hvort á vettvangi gildir varúð frá hægri eða hvort ökumaður B hafi átt að víkja fyrir A þar sem hann hafi ekið frá bifreiðastæðum inn á umferðargötu.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna komst að þeirri niðurstöðu að á vettvangi gildi almennur umferðarréttur og því hafi ökumaður A átt að veita umferð frá hægri forgang, í þessu tilviki bifreiðinni B, sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar að “þar sem félagið tryggir báða aðila þessa máls óskar það ekki eftir því að taka afstöðu til sakarmats”.

Álit.

Nefndin athugaði vettvang. Að teknu tilliti til aðstæðna á vettvangi og fyrirliggjandi gagna er nefndin efnislega sammála umfjöllun M í málskotunum, þ.e. þess efnis að A hafi verið ekið ónefnda götu frá lóðinni að Háaleitisbraut 70 að umferðarljósunum á gatnamótunum við Háaleitisbraut. Bifreiðinni B var ekið í umrætt sinn út af bifreiðastæðum á lóðinni Háaleitisbraut 68 (Austurveri) og í hlið A. Að teknu tilliti til þessa átti ökumaður B að veita A forgang sbr. 3. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þessa gætti hann ekki og því ber hann ábyrgð á árekstrinum. Af skýrslu lögreglu má og ráða að ökumaður B hafi ekki hugað nægjanlega að mögulegri umferð frá vinstri áður en hann beygði til hægri.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn málsins.

Niðurstaða.

Ökumaður B, SH-120, ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.